

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Húsavík



Dags eftirlits	18.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574394,29 617922,761

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Snjór var yfir öllu þegar komið var í eftirlit. Byrjað var á að setjast yfir skráningar og skoðuð voru mánaðarblöð og skráningar á eftirliti, viðhaldi og mælingum í stöðinni. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Ekki er gerð athugasemd við rekstrarhandbók.

Fimm geymar eru í stöðinni og hafa allir geymar sem eru í notkun verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Svartolíugeymir T0156 er ekki í notkun en verður þykktarmældur áður en hann verður tekinn aftur í notkun.

Lagnir 640.50.00 og 640.60.00 voru þrýstímældar árið 2008 og þarf því að þrýstiprófa þær á árinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Tekið var á lokum í frárennsli próa og reyndust þeir lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.

Búið er að bregðast við og lagfæra þau frávik sem fundust í eftirliti síðasta árs.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 27.08.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.